

Alþingi
Erindi nr. þ 139/968
komudagur 14.12.2010



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2010

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um skatta og gjöld (breyting ýmissa laga), þskj. 380 - 313. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um skatta og gjöld (breyting ýmissa laga), 313. mál.

BSRB telur nauðsynlegt að nægir fjármunir fylgi með málefnum fatlaðra við flutning frá ríki til sveitarfélaga. BSRB varar við því að litið verði svo á að framlag ríkisins til málaflokksins falli niður við sérstaka endurskoðun árið 2014. Óvissan í efnahagsmálum er slík að ekkert er öruggt í þeim efnum og fyrst og fremst þarf að tryggja að notendur þjónustunnar líði ekki fyrir fjárskort.

BSRB lýsir sig sammála því að sérstök tekjujöfnunardeild veði stofnuð innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en setur spurningamerki við ýmis ákvæði um fyrirhugaðan fasteignasjóð. BSRB telur að umfram allt verði að tryggja öryggi og samfellu í húsnæðisúrræðum fyrir fatlaða. Allar hugmyndir um sölu eða leigu húsnæðisins til annarra nota verður að skoða fyrst og fremst út frá húsnæðisöryggi fatlaðra.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri